

Ár 2012, miðvikudaginn 18. apríl, var af yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 1/2012 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi 30. desember 2011 kærði Þverholt 11 ehf. álagningu fasteignagjalda á fasteignina Þverholt 11 í Reykjavík og fór fram á að yfirfasteignamatsnefnd færi yfir byggingarstigsskráningar og að fasteignaskattsálagning fyrir 2007-2010 væri leiðrétt til samræmis við álagningu ársins 2011.

Með bréfi 30. janúar 2012 gaf yfirfasteignamatsnefnd kæranda tækifæri til að koma á framfæri nánari rökstuðningi um kæruefnið. Engin viðbótargögn hafa borist.

Málið var tekið til úrskurðar 21. mars 2012.

Sjónarmið kæranda

Kærandi heldur því að fram að álagning fasteignagjalda á Þverholt 11 í Reykjavík hafi lengi verið röng vegna rangrar skráningar á byggingarstigi eignarinnar. Tilraunir eigenda eignarinnar til að fá fram leiðréttingar nái allt aftur til 2007. Kærandi fer fram á að yfirfasteignamatsnefnd fari yfir byggingarstigsskráningar og að fasteignaskattsálagning fyrir 2008, 2009 og 2010 verði leiðrétt til samræmis við álagningu ársins 2011.

Niðurstaða

Yfirfasteignamatsnefnd er úrskurðaraðili um yfirmat fasteigna sbr. 33. og 34. gr. laga nr. 6/2001. Einnig úrskurðar yfirfasteignamatsnefnd um gjaldstofn og gjaldskyldu sbr. 4. gr. laga nr. 4/1995. Þá úrskurðar nefndin um brunabótamat sbr. 5. gr. laga nr. 45/1994.

Með bréfi nefndarinnar til kæranda 30. janúar 2012 var kæranda bent á ofangreindar lagaheimildir og honum gefinn kostur á fjalla nánar um kæruefni sitt eða leggja fram frekari gögn. Kærandi hefur ekki lagt fram nein frekari gögn eða útskýringar á kæruefnið.

Í þessu máli er kærð álagning fasteignagjalda með vísan til þess að skráning byggingarstigs eignarinnar á fyrri árum hafi verið röng. Yfirfasteignamatsnefnd er ekki bær til að fjalla um það.

Í þessu máli vísar kærandi til álagningar fasteignagjalda á árunum 2007-2010. Álagning fasteignaskatts byggir á fasteignamati eigna. Túlka má kæruefni sem kröfu um endurskoðun fasteignamats vegna árána 2007-2010. Þá ber að líta til þess að kæra í málinu var móttokin 30. desember 2011. Þá var skráð fasteignamatsverð eignarinnar það matsverð sem hafði tekið gildi hinn 31. desember 2010, sbr. 1. mgr. 32. gr. a. laga nr. 6/2001 um gildistíma skráðs fasteignamatsverðs. Að mati yfirfasteignamatsnefndar, með vísan til orðalags 1. mgr. 31. gr., er heimild eiganda til þess að krefjast endurskoðunar á fasteignamati bundin við skráð matsverð á þeim tíma sem kæra er fram sett. Heimildin nái hins vegar ekki til endurskoðunar á fasteignamati sem fallið var úr gildi þegar krafan kom fram. Fasteignamatsverð Þverholts 11 fyrir árin 2007-2010 var ekki lengur skráð matsverð eignarinnar þegar kærandi setti fram kröfu sína um endurskoðun.


Með vísan til framangreinds ber að vísa kröfum kæranda frá yfirfasteignamatsnefnd.

Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar 18. apríl 2012 í máli nr. 1/2012
Fasteign: Þverholt 11, fnr. 201-1250, Reykjavíkurborg.
Kærufni: Álagning fasteignagjalda fyrir ára. Byggingarstig.


Úrskurðarorð

Málinu er vísað frá yfirfasteignamatsnefnd.


Reykjavík, 18. apríl 2012,



Jón Haukur Hauksson



Ásta Þórarinsdóttir



Inga Hersteinsdóttir